

1. fundur Starfhóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstaðs, haldinn í Fristundamiðstöðinni Garðavelli, 22. júní 2021 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Einar Brandsson bæjarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson fulltrúi Akraneskaupstaðar, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Emma Raket Björnsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Fundur starfshóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað.

Fyrir tekið:

1. 2106089 - Fjöliðjan uppbyggina á húsnæði - starfshópur

Bæjarráð samþykkti á 3458 fundi sínum þann 20. maí 2021 erindisbréf fyrir starfshóp um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað.

Farið var yfir erindisbréf starfshópsins.

Fundinn sátu einnig Sverrir Hermann Sverrir Hermann Pálmarsson og Anna Einarsdóttir frá SHP consulting ehf. Akraneskaupstaður hefur samið við shp consulting sem heldur utanum um verkefnastýringu verkefnisins. Farið var yfir stöðu málsins varðandi hönnun og tímaáætlun. Áætlað er að hönnun hefjist í byrjun ágúst og taki um 12-16 vikur. Skipulag lóða liggur fyrir.

Áætlaðar eru 440-450 millj. í fjárhagsáætlun í verkið. Sótt verður um styrk frá Jöfnunarsjóði vegna uppbyggingar á Fjöliðjunni í heild. Samningar við hönnuði liggja fyrir en tímalína fyrir hönnunaráætlun liggur ekki fyrir. Áætlað er að bjóða verkið út í nóvember 2021.

Fyrirliggjandi drög að innraskipulagi hönnunar verða send til umsagnar hjá Notendaráði.

Starfshópur óskar eftir frest til bæjarráðs til 2. september 2021 til að leggja fram tillögu á endanlegri útfærslu á uppbyggingu Fjöliðjunnar með samnýtingu á eldra húsnæði á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Næsti fundur starfshóps 6. júlí kl. 15:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.